

## Á Akureyri

ÞÓR: Hvar er Lystigarðurinn? Hann á að vera mjög fallegur.

HARPA: Við skulum sjá. Lystigarðurinn. Hann var stofnaður árið 1912, og það er plöntusafn þar sem í má finna flestar íslenskar plöntur.

ÞÓR: Já, en hvar er hann?

HARPA: Hann er ekki langt héðan, við erum bara fimm mínútur að ganga upp Eyrarlandsveg, þar sem við vorum rétt áðan. En við skulum frekar fara að skoða Laxdalshús fyrst.

ÞÓR: Laxdalshús, hvaða hús er það?

HARPA: Elsta hús á Akureyri. Það er frá 1795 og stendur þar sem fyrsta byggðin var.

ÞÓR: Nú, en klukkan er ekki nema tíu. Er opið svona snemma?

HARPA: Já, það er nú það. Það er ekki opnað fyrr en klukkan eitt. Hvað eigum við að gera?

ÞÓR: Fáum okkur kaffi og förum svo í Lystigarðinn!

HARPA: Góð hugmynd, það eru fjögur kaffihús hérna upp frá. En bíddu. Það er líka kaffihús í Lystigarðinum. Eigum við þá ekki bara fara þangað strax?

ÞÓR: Jú, gerum það! Förum þangað!

ÞÓR: Eigum við að fara á Minjasafnið strax á eftir?

HARPA: Æ já, gerum það, þar eru sýningar og gömul kirkja sem ég ætla endilega að skoða.

ÞÓR: En það er sunnudagur í dag. Er opið sunnudaga?

HARPA: Já, fimmtudaga til sunnudaga.

ÞÓR: En sú heppni!

HARPA: Já, er það ekki! Og hvað gerum við svo?

ÞÓR: Við skoðum Listagilið! Ég er búinn að heyra mikið um Listagilið.

HARPA: Hvað er Listagilið?

ÞÓR: Þú ert leiðsögumaðurinn!

HARPA: Skulum sjá, já, hérna er Listagil: 'heil gata í miðbæ þar sem eru listasafn, gallerí, vinnustofur listamanna, veitingahús...' En gaman! Förum endilega þangað!

ÞÓR: Hvað um Leikhúsið, er ekki leikfélag hér á Akureyri? Hvernig væri að fara í leikhús í kvöld?

HARPA: Nei, það er ekki hægt, Leikhúsið er bara opið á veturna, frá september til júní, stendur hér.

ÞÓR: Nú hvað! Ekkert á sumrin?

HARPA: Nei, en hins vegar eru sumartónleikar í Akureyrarkirkju.

ÞÓR: Hvenær?

HARPA: Bíddu, já, það stendur hérna: frá júlí til ágúst, sunnudaga kl. 5.

ÞÓR: Það passar ágætlega! Jæja, þá er örugglega best að fara af stað. Bærinn bíður!



<http://www.minjasafnid.is/>





Listagilið, Leikhúsið, Akureyrarkirkja





Akureyri

Hvað vilja þau skoða á Minjasafninu?

Hvenær er Minjasafnið opið?

Hvað er Listagilið?

Fara þau í leikhús?

Hvenær er Leikhúsið opið?

Hvað gerist í Akureyrarkirkju á sumrin?

Hvenær eru sumartónleikarnir?

Hvert fara þau í kvöld?

# Dny v týdnu - vikudagar

mánudagur

þriðjudagur

miðvikudagur

fimmtudagur

föstudagur

laugardagur

sunnudagur

á sunnudaginn

á sunnudögum

sunnudaga

um helgina

um helgar / á virkum dögum

virka daga

Ég ætla að fara í sundlaug á sunnudaginn.

Ég fer oft í sundlaug á sunnudögum.

Sundlaugin er opin sunnudaga.

Ég ætla að fara í bíó um helgina.

Ég fer oft í bíó um helgar.

Ég er í vinnunni á virkum dögum.

Minjasafnið er opið virka daga.



# Měsíce v roce - mánuðir

janúar – í janúar

febrúar

mars

apríl

maí

júní

júlí


ágúst

september

október

nóvember

desember



Í hvaða mánuði átt þú afmæli?

# Roční období - árstíðir

vetur (M): í vetur, á veturna

vor (N): í vor, á vorin

sumar (N): í sumar, á sumrin

haust (N): í haust, á haustin



# Förum að skoða Reykjavík

A: Chcete se jít podívat na budovu parlamentu (**Alþingishús**).

B: Chcete jít raději do ulice Laugavegur a podívat se na obchody.

A: Dnes je sobota a obchody nejsou otevřené dřív než v 10.

Navrhnete, že tam zajdete odpoledne (síðdegis).

B: Navrhnete, že půjdete do Národního muzea (**Þjóðminjasafn**).

Muzeum je o víkendech otevřené od jedenácti do sedmi.

A: To je moc daleko, chcete si raději prohlédnout radnici (**Ráðhús**) a dát si kávu.

B: Zeptáte se, kde je radnice.

A: Je kousek odtud, pět minut touhle ulicí.

B: To je dobrý nápad, půjdeme tam. A co budeme dělat večer?

A: Nezajdeme na koncert v budově Harpa?

B: Nezajdeme radši do divadla? V zimě jsou představení (leiksýning) každou středu a sobotu od osmi hodin.

A: To je fajn, zajdeme tam.



# Vatn

Vaggar bára vænum bát,  
vakir már á skeri.

Ufsi frárf með allri gát,  
//:uggaárum reri://

Vatn á kolli, vatn í skó,  
vatn í bolla og glasi.

Vatn í polli, vatn í sjó,  
vatn á skollagrasi.

Dropar renna rúðum á,  
regn á enni bylur.

Hvað veiðimenn í vöðlum þrá,  
er //:víður flennihylur://

vagga - kolébat

bára - vlna

vænn - pěkný, dobrý

vaka - bdít

már - racek

sker (N) - útes

ufsi (M) - treska

frárf - hbitý

gát (F) - opatrnost

uggi (M) - ploutev, ár (F) - veslo

rerf (min.) < róa - veslovat

kollur - hlava

pollur - louže

skollagras (N) - druh rostliny

(Chordaria flagelliformis)

dropi (M) - kapka

rúða - okenní tabulka

regn (N) - déšť

enni (N) - čelo

bylja - bubnovat (déšť)

veiðimaður - rybář

vaðall - mělčina

þrá - toužit

víður - široký

flennihylur (M) - tuň

# Dativ

SG

PL

hestur:	hest <b>i</b>	hest <b>um</b>
bíll:	bíl	bíl <b>um</b>
sími:	síma <b>a</b>	sím <b>um</b>
mynd:	mynd	mynd <b>um</b>
gjöf:	gjöf	gjöf <b>um</b>
saga:	sö <b>gu</b>	sö <b>gum</b>
land:	land <b>i</b>	lönd <b>um</b>
epli:	epli	epl <b>um</b>
hjarta:	hjarta	hjör <b>tum</b>

## Dativ mužského rodu bez koncovky

1. kmen s jednou souhláskou (obvykle):  
strákur, leikur, hlutur, staður, smiður, haus

2. -ng-, -gg-, -kk- :  
drengur, hringur, söngur, veggur, bekkur

# Dativ: určitý člen

SG

PL

hestur: hest**inum**

hest**unum**

bíll: bíl**num**

bíl**unum**

sími: sím**anum**

sím**unum**

mynd: mynd**inni**

mynd**unum**

gjöf: gjöf**inni**

gjöf**unum**

saga: sög**unni**

sög**unum**

land: land**inu**

lönd**unum**

epli: epl**inu**

epl**unum**

hjarta: hjart**anu**

hjört**unum**



# Dativ: přivlastňovací zájmena

hestinum **mínum**

myndinni **minni**

húsinu **mínu**

hestunum

myndunum **mínum**

húsunum

# Předložky s dativem

að (směrem k): Hann gengur að húsinu.

af (z, od): detta af hjólinu

(obsah): haugur af rusli

frá (z, od): Ég er frá Tékklandi.

Bréfið er frá mér.

hjá (u): Barnið er hjá ömmu sinni.

úr (z - materiál): borð úr timbri

(ven z): Hún tekur nestið úr bakpokanum.

handa (pro): Þetta er handa þér.

við hliðina á (vedle): Húsið er við hliðina á búðinni.

á móti ([na]proti): Húsið er á móti kirkjunni.

# Předložky s dativem a akuzativem

- á Bókin liggur á borðinu. (DAT)  
Hann leggur bókina á borðið. (ACC)
- í Hann er í skólanum. (DAT)  
Hann fer í skólann. (ACC)
- undir Kötturinn liggur undir sófanum. (DAT)  
Kötturinn skríður undir sófann. (ACC)
- yfir Myndin hangir yfir skápnum. (DAT)  
Við hengjum myndina yfir skápinn. (ACC)

# Předložky s dativem a akuzativem

- fyrir      Hann kom fyrir tveimur dögum. (DAT)  
            Hann vinnur bara fyrir hádegi. (ACC)
- eftir      Hún gengur eftir götunni. (DAT)  
            Við förum heim eftir veisluna. (ACC)
- með      Hann fer í bíó með vinum sínum. (DAT)  
            Hann fer með barnið/hundinn til læknis. (ACC)  
            Hún er með ljóst hár. (ACC)

# Hvar er(u)... ?

kaffibollinn

taskan

bækurnar (bók)

tölvun

plakatið

möppurnar (mappa)

penninn



(hilla, veggur)